

## Óþvinguð stéttarfélagsaðild

Aðalfundur BSRB, haldinn 15. október 2010, ítrekar þá afstöðu bandalagsins að við flutning verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga, líkt og nú er fyrirhugað með flutning málefna fatlaðra, er það ófrávíkjanleg krafa að starfsmenn geti valið hvort þeir tilheyri stéttarfélögum bæjar- eða ríkisstarfsmanna.

Fundurinn hvetur Alþingi til að gera þær breytingar á lögum númer 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem nauðsynlegar eru svo starfsmenn geti valið hvort þeir tilheyri stéttarfélögum bæjar- eða ríkisstarfsmanna. Það var gert þegar verkefni færðust frá sveitarfélögum til ríkisins árin 1989 og 1990 og fundurinn telur að sömu reglur eigi að gilda nú þegar verkefni færast í hina áttina.